

Ed. 854. Frumvarp til laga [308. mál]

um breyting á lögum nr. 48 26. maí 1972, um Sölustofnun lagmetisiðnaðarins.

(Eftir 2. umr. í Ed., 3. maí).

1. gr.

Í stað síðustu málsgr. 4. gr. laganna komi:

Stjórnin ræður framkvæmdastjóra, sem er prókúruhafi fyrir stofnunina og annast almennan rekstur í samráði við stjórnina.

Framkvæmdastjóri ræður annað starfslið í samráði við stjórn stofnunarinnar.

Stjórnin tekur ákvörðun fyrir hönd stofnunarinnar um launakjör framkvæmdastjóra og annarra starfsmanna.

2. gr.

6. gr. laganna orðist þannig:

Lagmetisiðnaðurinn fellur undir skilgreiningar laga um iðnrekstur og greiðir iðnlánasjóðsgjald samkv. lögum nr. 68/1967 með breytingum nr. 19 1968 og nr. 42 1971. Með því skal lagmetisiðnaðurinn að fullu undanþeginn öllum útflutningsgjöldum af niðursoðnum og niðurlögðum sjávarafurðum og söltuðum grásleppuhrognum, sbr. lög nr. 19/1973, um útflutningsgjald af sjávarafurðum, lög nr. 55/1973, um breytingar á lögum um Fiskveiðasjóð Íslands, og lög nr. 80/1971, um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins. Þó skulu gjöld, sbr. lög nr. 19/1973, innheimtast til ársloka 1977 og renna í sérstakan sjóð til eflingar lagmetisiðnaðinum og útflutningi hans, skv. 7. gr. þessara laga.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.